

Nd. **1029. Breytingartillögur** [392. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. 3. mgr. orðist svo:

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

2. Við 2. gr. Í stað síðasta másl. 1-liðar komi: Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 28 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.